

**Alþingi**  
**Erindi nr. Þ 132/1118**  
**komudagur 2.3.2006**

Allsherjarnefnd  
Skrifstofa Alþingis, nefndasvið  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Dags: 28/02/2006

Sendandi:  
Starfsmannaráð Rannsóknastofnunar Fiskiðnaðarins (Rf)

**Umsögn um mál nr. 387, Matvælarannsóknir hf.**

Starfsmannaráð Rf vill hér með koma á framfæri sjónarmiðum sínum varðandi sameiningu Rf, Matvælarannsóknna Keldnaholti og Rannsóknastofu Umhverfisstofnunar í eitt hlutafélag, Matvælarannsóknir hf.

Starfsmannaráð Rf er samþykkt því að æskilegt sé að sameina matvælarannsóknir á Íslandi í eina sterka stofnun. Hinsvegar telur starfsmannaráðið að breytingar á rekstrarformi sé ekki tímabær og hér að neðan verða talin upp atriði því til stuðnings.

**I. Framlag vegna verkefna, innlendra og erlendra**

Til að geta sótt í erlenda rannsóknasjóði, eins og t.d. rammaáætlanir ESB, þarf að vera til staðar fjárhagslegt svigrúm til að undirbúa umsóknir og síðan að vinna þau verkefni sem styrkir fást til. Sóknarárangur í ESB sjóðina er almennt í kringum 20%, sem telst ásættanlegt vegna þeirrar miklu samkeppni sem ríkir. Hinsvegar kostar hver umsókn um 1 til 4 m.kr og var meðalkostnaður per umsókn á árinu 2005 um 2,6 m.kr. Það er því ljóst að ákveðið grunnframlag þarf að vera til staðar svo að mögulegt verði að sækja samkeppnisstyrki til ESB.

Til að sækja árlegar rannsóknartekjur í ESB sjóðina, t.d. að upphæð 50 m.kr/ári, þarf að leggja í fjárfestingu í umsóknarferlinu sem nemur a.m.k. um 15 m.kr á hverju ári og síðan þarf hið nýja fyrirtæki að kosta sitt eigið mótframlag til reksturs verkefnanna, eða 50 m.kr á ári.

Með hliðsjón af ofangreindu eru eftirfarandi spurningar lagðar fram, en tekið skal fram í þessu sambandi að sama gildir um íslenska rannsóknasjóði og er hlutfallslegur sóknarkostnaður reyndar hærri en gildir um erlendu sjóðina þar sem styrkupp hæðir eru jafnan mun lægri.

*Hvernig verður tryggt að rekstrarlegt mótframlag til samstarfsverkefna verði til staðar eftir að hlutafélagsformið er komið á?*

*Hvernig verður tryggt að sóknargeta í ný samstarfsverkefni verði til staðar eftir að hlutafélagsformið er komið á?*

Til áréttingar má minna á að Ísland greiðir um 1,8 milljarð króna (22,5 milljón evra) til 6 rammaáætlunar ESB, sem ekki nást til baka nema með góðum samstarfsverkefnum. Hefur Rf því fjárfest verulega í umsóknum til að nálgast styrkfé þaðan og má segja að árangurinn geti talist þökkalegur þar sem áætlað er að verkefnastyrkir til Rf muni skila um 1,6 milljón evra (um 130 m.kr) frá sjöttu ESB rammaáætluninni.

Samningar standa nú við ESB um 3 ný verkefni sem fara af stað á þessu ári og eru því nú til staðar skuldbindingar til ársins 2010 hjá Rf sem flytjast til Matvælarannsóknna hf. um mótframlög til reksturs erlendra samstarfsverkefna.

Það má einnig spyrja hvernig verður með ábyrgð framlags vegna þeirra verkefna sem aflað verður í framtíðinni og þeirra verkefna sem verið er að afla. Í dag þá hefur Rf þá stöðu að geta sótt um í sjóði EB með ábyrgð ríkisins vegna mótframlaga, sú staðreynd styrkir stöðu Rf sem umsækjanda. Hætt er við að staða Matvælarannsóknna hf. verði erfiðari í þessum umsóknum ef ríkistryggingin vegna mótframlags verður ekki lengur til staðar.

## II. Öryggishlutverk Matvælarannsóknna hf.

Í 7. grein frumvarpsins er kveðið á um öryggishlutverk Matvælarannsóknna hf.

### 7. grein

*Matvælarannsóknnum hf. er skylt að halda uppi tilskilinni öryggisþjónustu á sviði matvælarannsóknna í þágu landsmanna sem nánar er skilgreind í samningi við félagið. Félaginu er skylt að framkvæma rannsóknir vegna matvælaeftirlits á vegum hins opinbera eftir því sem kveður á í samningi.*

Í greinargerð með frumvarpi þessu er nefnt mikilvægi þess að opinberir eftirlitsaðilar geti gengið að mæliþjónustu vísri, og þá sérstaklega er varðar öryggismælingar. Þessu er starfsmannaráð Rf sammála, hinsvegar teljum við að þær mælingar eigi að framkvæma á opinberri rannsóknastofu. Tryggja verður algert hlutleysi og hæfni rannsóknastofunnar til að geta brugðist hratt og örugglega við ef þess er þörf. Sá möguleiki að hlutabréf í Matvælarannsóknnum hf. verði seld til fyrirtækja eða samtaka stofnar hlutleysi og trúverðugleika Matvælarannsóknna hf. í hættu.

Samkvæmt lögum nr. 93/1995, um matvæli, ber íslenska ríkinu að tryggja, svo sem kostur er, gæði öryggi og hollustu matvæla. Þessi ákvæði matvælaálaganna teljum við að ekki sé hægt að uppfylla nema að ríkið hafi sína eigin rannsóknastofu.

Þá má nefna að rekstrarlegur grunnur margra mælinga, sem eru nauðsynlegar vegna vöktunar- og öryggismælinga, er ekki þannig að einkafyrirtæki vilji halda þeim úti.

Þar sem starfsmannaráð Rf þekkir til erlendis eru mælingar sem opinberir eftirlitsaðilar fara fram á, framkvæmdar af opinberum rannsóknastofum.

Starfsmannaráð Rf vill því leggja til að sameina Rf, Matvælarannsóknir Keldnaholti og Rannsóknastofu Umhverfisstofnunar í eina ríkisstofnun. Þegar komin er reynsla á sameininguna og búið að finna nýrri stofnun farveg þá fyrst mætti skoða að breyta rekstrarforminu.



F.h. Starfsmannráðs Rf  
Guðjón Gunnarsson  
Rannsóknastofnun Fiskiðnaðarins  
Skúlagata 4, 101 Reykjavík  
gudjong@rf.is